

VATNAMÆLINGAR  
45. St. / g. m.  
Jón Rist

## Skýrsla

varðandi bréf eiganda Borgarhafnar, Suðursveit  
dags. 10. júní 1952.

Eins og tekið er fram í bréfi Borgarhafnamanna, hugsa þeir að nýta Þverá, sem fellur niður af Borgarhafnaheiði úr Innstavatni og Miðvatni. Rafstöðin, sem rætt er um í bréfinu, þarf aðeins um 30 - 40 l/sek., svo að hún kæmi til með að hafa nægilegt vatn, en þó aðeins með miðlun í vötnunum. Nú er úrkomusvæði Þverár, þar sem hún fellur úr Innstavatni, tæpir 3 km<sup>2</sup>. Á síðari árum hefur jökuljadarinn færst til baka, svo að nú fær Þverá ekki lengur vatn frá jöklinum og er því mjög vatnslítil í samanburði við það, sem áður var. Þverá mun nú flytja fram um 6 millj. rúmmetra vatns á ári, þ.e.a.s. meðalrennslið er nálægt 200 l/sek. Rafstöðin, sem rætt er um í nefndu bréfi, mun því aðeins nýta 15 - 20% af heildarvatnsmagninu. En engu að síður þarf að miðla þarna, til þess að stöðin hafi stíð nægilegt vatn. Miðlunarhafni svæðisins hefur rýrnað á síðari árum við það, að Innstavatn hefur fyllst upp af aur, sem leysingavatn hefur skolað fram úr rönd jökulsins (moftené) eftir að jökullinn drógst til baka. Nú er Innstavatn aðeins sandslétta. Um legu og staðhætti Innstavatns og Miðvatns má sjá nánar í máli Smyrlabjargaár. B2M 88 (teikn. E.Guðmundssonar nr. 1364-69 og 1372-74).

Hér er ég kominn að atriði, sem ekki er unnt nema að staldra við og athuga nánar áður en lengra er gengið varðandi virkjun Þverár niður í Eyvindartungu, en það er, að ráð hefur verið fyrir gert að nota Innstavatn, Miðvatn og Fremstavatn til miðlunar fyrir væntanlega virkjun Smyrlabjargaár og það er einmitt vatnsmagn Þverár, sem mun fylla þessar uppistöður.

Reykjavík, 30. júní 1952  
Sigurjón Rist (sign.).